

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um Breiðafjarðarferjuna Baldur.

Frá Kristni H. Gunnarssyni.

1. Hvaða ákvæði í samningi Vegagerðarinnar við Sæferðir ehf. frá 3. október 2005 gera ríkinu ókleift að selja Baldur á samningstímanum án samþykkis leigutaka, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?
2. Hvert var verðmat ráðuneytisins og Vegagerðarinnar á Baldri við sölu skipsins til Sæferða ehf. og hvert var verðmatið talið vera við lok leigutímans í árslok 2010? Hverjir voru ráðgjafar ofangreindra aðila og hvert var verðmat þeirra á skipinu bæði við sölu og við lok samningstímans og hvenær var það verðmat gert?
3. Hvers vegna tók Vegagerðin að sér innheimtu hagnaðar af sölu Baldurs úr landi fyrir fjármálaráðuneytið? Hvaða fyrirmæli, leiðbeiningar eða umboð gaf fjármálaráðuneytið til Vegagerðarinnar eða samgönguráðuneytisins varðandi innheimtu kröfunnar og samninga um fjárhæð til greiðslu?
4. Hvers vegna var krafan lækkuð um 2 millj. kr. og hver voru rök Sæferða ehf. fyrir því að krefja Vegagerðina um greiðslu fyrir undirbúning Sæferða ehf. á siglingum til Vestmannaeyja og tengja þann kostnað við sölu á Baldri? Hvers vegna voru ekki greiddir vextir af skuld fyrirtækisins við ríkissjóð frá söludegi til uppgjörsdags, í um 15 mánuði?
5. Hvert var samráð fjármálaráðuneytisins við samgönguráðuneytið og Vegagerðina þegar það ákvað að ganga til samninga við Sæferðir ehf. um sölu ríkisins á Baldri, sbr. fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2008?
6. Kom samgönguráðuneytið eða Vegagerðin að einhverju leyti að kaupum Sæferða ehf. á öðru skipi í stað Baldurs? Hvað var þessum aðilum kunnugt um varðandi fyrirhuguð kaup Sæferða ehf. þegar sala ferjunnar Baldurs var í undirbúningi?

Skriflegt svar óskast.